

Matráður

Næsti yfirmaður: Leikskólastjóri

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, Hollustuvernd og líðheilsustöð og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Matráður ber ábyrgð á stjórnun, skipulagi, framkvæmd og endurmati starfsins í eldhúsi, þvottahúsi í samráði við Leikskólastjóra

Meginverkefni: Matráður annast matargerð í leikskólanum, framleiða skal hollan og næringaríka fæðu, Neitendur eru börn og megin áhersla er lögð á fjölbreyttan og næringaríkan mat sem stuðalar að vexti og þroska barna.

Ef börn með fæðuofnæmi/óþol dvelja á leikskólanum þá skal matráður framleiða þar til gerða fæðu er hæfir viðkomandi einstaklingi.

Matráður framleiðir á hverjum degi morgunverð, ávextabita, hádegisverð og nónhressingu sem skal vera tilbúinn á þeim tíma sem hentar dagskipulagi leikskólans. Hann sér um gerð matseðla fyrir hvern mánuð skólaársins og setur á heimasíðu leikskólans. Matráður sér um innkaup fyrir eldhús skólans, fylgist með rekstrarstöðu hjá leikskólastjóra og leitast við að innkaup og skipulagning séu sem hagkvæmust. Annast daglega ræstingu eldhúss og í þvottahúsi, hefur umsjón með því að tæki og búnaður í eldhúsi starfi eðlilega. Fylgist með borðbúnaði og öðrum lausamunum í eldhúsi og sér um endurnýjun og innkaup þegar þörf er á í samræmi við leikskólastjóra. Matráður sér um að laga kaffi fyrir kaffitíma starfsmanna.

Stjórnun og skipulagning: Matráður vinnu samkvæmt því skipulagi sem leikskólastjóri ákveður. Hann hefur yfirumsjón með störfum aðstoðarmatráðs,

Samvinna: Mikilvægt er að starfsmaður eldhúss eigi gott samstarf við börn og aðra starfsmenn leikskólans. Mikilvægt er að ræða öll málefni er varða matreiðslu og val á hráefni strax og þau koma upp, svo komist verði hjá leiðindum.

Annað: Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans. Sinnir þeim verkefnum er varðar eldhús, þvottahúsi sem og kaffistofu sem yfirmaður felur honum.